

Stefna Austurbrúar

Samþykkt af stjórn Austurbrúar 17. maí 2024.



Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar byggir á Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044. Hún er um samheldið fjölmenningsamfélag sem hefur lífsgæði íbúa í forgrunni. Á Austurlandi eru áhugaverðir áfangastaðir, litríkt listalíf og fjór menningararfur. Atvinnulífið er öflugt og fjölbreytt, byggt á sjálfbærri nýtingu auðlinda, þekkingu og sköpunarkrafti íbúa.





Gildi

FORYSTA

Við sýnum frumkvæði og leiðum framfaramál sem varða einstakar byggðir og samfélagið allt á Austurlandi.

Við greinum tækifæri og möguleika til framþróunar á öllum sviðum samfélagsins og ýtum af stað mikilvægum framfara- og nýsköpunarverkefnum.

SAMVINNA

Við leiðum saman ólíka aðila til að vinna að brýnum hagsmunamálum.

Við erum virkir þátttakendur í samstarfsverkefnum innanlands og erlendis.

ÞJÓNUSTA

Við erum skapandi, menntum, styðjum og veitum ráðgjöf.

Við höldum utan um og stýrum fjölbreyttum verkefnum fyrir ólíka aðila.



Hlutverk

Hlutverk okkar er að vinna að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og veita góða þjónustu á sviði atvinnu- og byggðaðþróunar, menntunar, rannsóknar og menningar. erum mikilvægur þáttur í viðleitni samfélagsins til umbóta og framfara. Við sýnum ábyrgð og fagmennsku í starfi okkar. Við erum framsækinn og eftirsóttur vinnustaður sem stendur vörð um vellíðan starfsfólks.

- >> Við höfum frumkvæði að verkefnum sem stuðla að velferð og öflugum samfélagi fyrir íbúa Austurlands með svæðisskipulag Austurlands að leiðarljósi.
- >> Við erum hraðall hugmynda, við styðjum, fræðum, tengjum og hvetjum íbúa áfram við að bæta og þróa samfélagið á sjálfbæran hátt.
- >> Við vinnum að hagsmunum Austurlands í góðu og virku samtali við íbúa og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir.
- >> Við valdeflum íbúa og styðjum í náms- og starfsþróun svo hæfileikar, færni og þekking njóti sín, samfélaginu öllu til hagsbóta.
- >> Við stuðlum að inngildingu með því að virða fjölbreytileikann og höfum í heiðri mannréttindi og jafnrétti.



Leiðarljós

Austurbrú eflir Austurland sem góðan stað til að búa á og heimsækja.

